

Sþ.

63. Tillaga til þingsályktunar

[58. mál]

um útböð opinberra framkvæmda.

Flm.: Magnús Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, eftir því sem við verður komið, bjóða út í ákvæðisvinnu þau verk, sem ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfa að láta vinna hverju sinni, og verði þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, falið að annast framkvæmdirnar.

Greinargerð.

Á Alþingi árið 1957 var flutt tillaga um þetta efni, sem ekki hlaut endanlega afgreiðslu. Var ástæðan fyrst og fremst sú, að sumar ríkisstofnanir, svo sem vegamálastofnanir og vita- og hafnamálaskrifstofan, sendu neikvæðar umsagnir um málið og töldu yfirleitt óheppilegt að bjóða út framkvæmdir, er þessar stofnanir hefðu með höndum.

Þótt viðurkenna megi ýmsar röksemdir áðurgreindra stofnana, þá er það skoðun flutningsmanna tillögu þessarar, að rétt sé, að Alþingi marki þá meginstefnu, að leita skuli tilboða í opinberar framkvæmdir, svo sem við verður komið. Að sjálfsögðu verður útböðum ekki ætíð við komið af ýmsum ástæðum, og einnig kann að vera nauðsynlegt að láta ríkisstofnanir annast ýmis verk til þess að tryggja starfsliði þeirra næg verkefni, ef ekki er vegna starfsemi viðkomandi stofnunar auðið að fækka starfsliði hennar. Flestar ríkisstofnanir hafa mjög ófullnægjandi vélakost, en til eru nú í landinu ýmis byggingarfyrirtæki, sem hafa bæði yfir allmiklum vélakosti og tæknilegri þekkingu að ráða. Eru því til staðar hjá ýmsum tæknilegar forsendur til þess að geta unnið flest þau verk, sem hið opinbera venjulega þarf að láta framkvæma.

Árlega er á vegum ríkis og ríkisstofnana unnið að mannvirkjagerð fyrir hundruð milljóna. Mannvirki þessi þurfa að sjálfsögðu að vera vönduð, en það skiptir einnig höfuðmáli, að þau séu sem ódýrust. Útböð er líklegasta leiðin til að tryggja þann þátt málsins, enda hefur breytingin á söluskattinum bætt aðstöðu sjálfstæðra verktaka. Föst venja hefur verið að leita tilboða í ýmsar tegundir opinberra framkvæmda, en full ástæða er til að athuga, hvort eigi skuli ganga lengra í því efni.

Ýmsar verklegar framkvæmdir ríkisins eru þess eðlis, að þær hljóta að verða unnar af viðkomandi ríkisstofnunum, svo sem viðhald mannvirkja og nýbyggingarframkvæmdir, sem verða vegna fjárskorts að vinnast í svo mörgum áföngum, að útböði verður ekki við komið. Að sjálfsögðu er svo undirbúningur útböða, verklysingar og síðan eftirlit með framkvæmdum í höndum viðkomandi stofnana. Æskilegt er, að ríkisstjórnin láti setja um það fastar reglur, hverjar opinberar framkvæmdir skuli boðnar út.

Í sambandi við þessa tillögu má á það benda, að sparnaðarnefnd, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1954, taldi sjálfsagt, að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs yrðu boðnar út í ákvæðisvinnu, nema sérstakar ástæður væru því til hindrunar.